

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um starfsemi stjórnmalasamtaka (framlög hins opinbera til stjórnmalastarfsemi), 38. mál.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar fjallar um breytingar á lögum um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006, ásamt síðari breytingum.

Almennt

Ávallt hefur verið lagt kapp á að ná sem víðtækustu samkomulagi milli stjórnmalaflokkanna um þann lagaramma sem um þá gilda, þar með talið reglur um fjármál þeirra. Viðreisn er þeirrar skoðunar að svo eigi að vera áfram.

Tilgangur

Ekki verður annað séð en megintilgangur frumvarpsins sé að draga úr stuðningi við nýja og smærri stjórnmalaflokka en á sama tíma greiða götu þeirra sem eldri eru og stærri. Á þá nálgun er ekki hægt að fallast.

Gallaðar forsendur

Misskilnings gætir í greinargerð um áhrif breytinga sem lagðar eru til í 1. gr. Áhrif þess að lækka grunnrekstarframlag úr 12 m.kr. í 7 m.kr., líkt og lagt er til í a-lið, eru ekki þau að lækka fjárfraflög til stjórnmalaflokka. Upphæð grunnrekstarframlags hefur einungis áhrif á hvernig heildarfjárfraflagi, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs, er skipt milli þeirra stjórnmalaflokka sem hafa a.m.k. einn kjörinn fulltrúa á Alþingi. Áhrif þess að lækka grunnframlagið, líkt og lagt er til í frumvarpinu, er að hækka ríkisframlag til stærri stjórnmalaflokka og lækka framlag til þeirra minni. Þannig yrði aðstöðumunur stjórnmalaflokkanna aukinn.


Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 139/2018 er tilgangur þessa grunnrekstrarframlags að jafna aðstöðumun stjórnálagssamtaka vegna kostnaðarliða sem eru óháðir fylgi eða fjölda þingmanna, svo sem almennan skrifstofurekstur, lágmarks starfsmannahald, húsnæðiskostnað og kostnað vegna skyldu til bókhalds og endurskoðunar á ársreikningum sem skila ber ár hvert til Ríkisendurskoðunar.

Upphæð grunnrekstrarframlags þessa hefur ekki tekið breytingum frá árinu 2018, þrátt fyrir fjórðungs hækkun verðlags á tímabilinu. Má því segja að rök standi frekar til þess að hækka grunnrekstarframlagið í stað þess að skerða. Slíkt myndi ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs, því eins og áður hefur komið fram er heildarfjárframlagið ákveðið í fjárlögum.

Ekki verður betur séð en að liðir b og c í 1. gr. frumvarpsins muni draga úr möguleikum nýrra stjórnálagssamtaka til að bjóða sig fram til Alþingis. Í b-lið er lagt til að takmarka árleg framlög til stjórnálagssamtaka við þá sem fá 4% atkvæða í Alþingiskosningum í stað 2,5%. Í c-lið er lagt til að fella niður sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu að hámarki 750.000 kr. fyrir hvert kjördæmi þar sem boðið er fram.

Dá er rétt að benda á að þeim fjárhæðum, sem lagt er til að hækka í 2. gr. frumvarpsins, var breytt með lögum nr. 139/2018. Því eru útreikningar um núvirðingu ekki réttir. Núvirt eru 550.000 kr., frá því að lögin tóku gildi 1. janúar 2019, rúmlega 680.000 kr. samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands en ekki 1.300.000 kr. eins og fram kemur í frumvarpinu. Með sama hætti eru 100.000 kr. núvirtar tæplega 125.000 kr. en ekki 240.000 kr.

Viðreisn leggst gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í ljósi þeirra ágalla sem eru á málatilbúnaði öllum.



Svanborg Sigmarsdóttir
framkvæmdastjóri